

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 930/2006 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

1. gr.

Viðurlög við brotum á ákvæðum 45. gr., 45. gr. a og 47. gr. í VII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 skulu vera samkvæmt þessari skrá og breytist viðauki I við reglugerðina til samræmis:

**45. gr. Ölvunarakstur.**

2. og 3. mgr.:

Taflan miðast við að um fyrsta brot sé að ræða.

Vínandamagn í blóði ‰	Sektir kr.	Svipting
0,50 – 0,60	70.000	2 mán.
0,61 – 0,75	70.000	4 mán.
0,76 – 0,90	90.000	6 mán.
0,91 – 1,10	100.000	8 mán.
1,11 – 1,19	110.000	10 mán.
1,20 – 1,50	140.000	1 ár
1,51 – 2,00	160.000	1 ár og sex mán.
2,01 eða meira	160.000	2 ár

Vínandamagn í lofti mg/l	Sektir kr.	Svipting
0,25 – 0,30	70.000	2 mán.
0,31 – 0,37	70.000	4 mán.
0,38 – 0,45	90.000	6 mán.
0,46 – 0,55	100.000	8 mán.
0,56 – 0,59	110.000	10 mán.
0,60 – 0,75	140.000	1 ár
0,76 – 1,00	160.000	1 ár og sex mán.
1,01 eða meira	160.000	2 ár

6. mgr.: Stjórnað eða reynt að stjórna hjóli eða hesti undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna 5.000

7. mgr.: Ökumanni í því ástandi sem fram kemur í ákvæðinu falin stjórn ökutækis 30.000

**45. gr. Síðara brot á ákvæðum greinarinnar eða ökumaður hefur áður brotið gegn 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a.**

2. og 3. mgr.:

Vínandamagn í blóði	Sektir kr.	Svipting
0,50 – 1,19	180.000	2 ár
1,20 – 1,50	200.000	3 ár
1,51 – 2,00	220.000	3 ár og sex mán.
2,01 eða meira	240.000	4 ár

Vínandamagn í lofti mg/l	Sektir kr.	Svipting
0,25 – 0,59	180.000	2 ár
0,60 – 0,75	200.000	3 ár
0,76 – 1,0	220.000	3 ár og sex mán.
1,01 eða meira	240.000	4 ár

Hafi ökumaður einu sinni áður brotið gegn ákvæðum 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga með ávana- og fíkniefnaakstri, og fyrsta ítrekun er með broti gegn 1. mgr. sbr. 2. eða 3. mgr. 45. gr. eða 45. gr. a, skal svipting eigi vara skemur en 2 ár auk sektar að upphæð 180.000 kr., sbr. 6. mgr. 102. gr. umferðarlaga.

#### 45. gr. a. Ávana- og fíkniefnaakstur.

1. mgr. sbr. 2. mgr.:

Taflan miðast við að um fyrsta brot sé að ræða.

Ávana- og fíkniefni í blóði	Sektir kr.	Svipting
Amfetamín: Lítið magn – Allt að 170 ng/ml í blóði	70.000	4 mán.
Amfetamín: Mikið magn – 170 ng/ml í blóði eða meira	140.000	1 ár
Tetrahydrokannabínól (kannabis) Lítið magn – allt að 2 ng/ml í blóði	70.000	4 mán.
Tetrahydrokannabínól (kannabis) Mikið magn – 2 ng/ml í blóði eða meira	140.000	1 ár
MDMA Mikið magn – 220 ng/ml í blóði eða meira	140.000	1 ár
Kókaín Lítið magn allt að 30 ng/ml í blóði	70.000	4 mán.
Kókaín Mikið magn – 30 ng/ml í blóði eða meira	140.000	1 ár
<b>Ávana- og fíkniefni í þvagi</b>	70.000	3 mán.

Finnist fleiri en ein tegund ávana- og fíkniefna í blóði ökumanns skal leggja til grundvallar það efni sem hefur hæst mæligildi.

Sé um annað brot að ræða gegn 45. gr. a umferðarlaga, skal svipting eigi vara skemur en 2 ár, sbr. 6. mgr. 102. gr. umferðarlaga. Þá skal sekt vera 100.000 kr. ef um lítið magn er að ræða en 200.000 kr. ef um mikið magn er að ræða.

Hafi ökumaður einu sinni áður brotið gegn ákvæðum 45. gr. umferðarlaga (ölvunarakstur) gilda sömu viðmið.

3. mgr. 45. gr. a.:

Stjórnað eða reynt að stjórna hjóli eða hesti undir áhrifum  
ávana- og fíkniefna  
eða sama og 6. mgr. 45. gr.

kr.

5.000

Nr. 328

13. mars 2009

4. mgr. 45. gr. a.:

Ökumanni í því ástandi sem fram kemur í ákvæðinu falin stjórn  
ökutækis 30.000

3. mgr. 47. gr.:

Ökumaður neitar að veita atbeina við rannsókn máls  
1 árs svipting. 100.000

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með  
síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. apríl 2009.

*Samgönguráðuneytinu, 13. mars 2009.*

**Kristján L. Möller.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2009